

Ed. 424. Frumvarp til laga [240. mál]

um heimild fyrir fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að ábyrgjast lán fyrir Arnarflug hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt, gegn þeim tryggingum er hann metur gildar, að veita Arnarflugi hf. sjálfskuldarábyrgð fyrir láni sem tekið verður til að bæta rekstrarfjárstöðu fyrirtækisins. Lánið má nema allt að 1,5 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Arnarflug hf. hefur farið fram á að ríkissjóður ábyrgist lántöku að fjárhæð allt að 1,5 milljónir Bandaríkjadala sem ætluð er til að styrkja rekstrarfjárstöðu þess.

Tvö undanfarin ár hefur rekstur Arnarflugs hf. gengið erfiðlega, einkum vegna verulegs halla á rekstri innanlandsflugs félagsins svo og millilandaflugi þess. Halli á millilandaflugi á rætur sínar að rekja að stórum hluta til tæringar sem fannst í Boeing 720 millilanda vél félagsins á miðju ári 1982. Í stað þess að geta nýtt eigin vélakost þurfti félagið að leigja flugvélar sem reyndist óhagkvæmt. Halli innanlandsflugsins á aftur á móti rætur sínar að rekja til fækkunar farþega án þess að náðst hafi samsvarandi lækkun kostnaðar.

Á þessum árum voru leiguflugsverkefni félagsins við vöruflutninga erlendis ekki sá bakhjarl sem þau höfðu verið áður. Áfram hyggst félagið stunda að einhverju marki leiguflug erlendis, en sá markaður er mjög sveiflukennður og oft áhættusamur.

Áætlanir Arnarflugs hf. fyrir árið 1984 og 1985 benda til að taprekstri félagsins í innanlandsflugi og millilandaflugi verði snúið til jafnaðar og að þessir tveir rekstrarþættir geti orðið sú kjölfesta í rekstri Arnarflugs hf. sem að hefur verið stefnt. Á s. l. mánuðum mun rekstur félagsins einnig hafa gengið mun betur en áætlanir gerðu ráð fyrir.